LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Athugasemdir frá LS í samráðsgátt stjórnvalda

Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um veiðar Í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórnun grásleppu).

26. júlí 2019

Á aðalfundi LS 2018 var eftirfarandi samþykkt um veiðistjórn grásleppu:

- *áfram verði byggt á núverandi veiðistjórnun á grásleppu, en telur nauðsynlegt að gera endurbætur á núverandi kerfi, bæði við ákvörðun um fjölda veiðidaga og fyrirkomulag veiða.*
- *áhersla lögð á að veiðitími liggi fyrir áður en vertíð er hafin.*
- *heimilt verði að gera hlé á veiðum.*
- *heimilt verði að sameina 2 grásleppuleyfi á bát.*

Frumvarpsdrögin gera ráð fyrir að veiðistjórnun sem byggt hefur verið á undanfarna fjóra áratugi verði kastað fyrir róða. Þar hefur heimild til grásleppuveiða verið háð árlegu veiðileyfi til aðila sem rekja réttindi sín til vertíðanna 1987 – 1990 að báðum vertíðum meðtöldum. Rétthafar hafa getað valið um eitt af átta svæðum til veiða á hverri vertíð. Takmarkanir í árlegri reglugerð eru:

- Fjöldi daga sem stunda má veiðar
- Fjöldi neta (af skilgreindri stærð)
- Stærð báta
- Veiðileyfi takmarkað við eitt af átta svæðum á hverri vertíð.

Aðrar takmarkanir eru frá náttúrunnar hendi; veðurfar og fiskgengd, heilsa sjómanna, stærð / gerð báts og markaðshorfur hverju sinni.

Veiðistýring sem grundvölluð hefur verið á framangreindu hefur leitt til þess að á undanförnum 12 vertíðum [2008-2019] hafa að meðaltali 280 bátar virkjað leyfi til grásleppuveiða. Útgerðir þeirra hafa þannig talið sig hafa hag af veiðunum.

Landssamband smábátaeigenda hefur á undanförnum árum lagt til ýmsar lagfæringar á fyrirkomulagi veiðanna, m.a. að sameina leyfi, en milli 25 og 35 útgerðir gera út 2 báta eða fleiri á hverri vertíð. Við sameiningu yrði þess gætt að hún mundi ekki leiða til sóknaraukningar með því að dagafjöldi ykist aðeins um 50% þegar leyfi tveggja jafnstórra báta yrði að einu.

Annar þáttur til hægræðingar fyrir grásleppusjómenn felst í að hægt verði að gera hlé á veiðum með því að taka upp netin. Dagar sem liðu þar til þau yrðu lögð aftur teldu ekki til veiðidaga. Með því mætti minnka hættu á netatjóni vegna fyrirsjáanlegrar brælu, draga úr hættu á óæskilegum meðafla, taka tillit til veikinda og bilana svo eitthvað sé nefnt.

Landssamband smábátaeigenda | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 552 7922 | ls@smabatar.is | smabatar.is

Sjávarútvegsráðherra varð ekki við óskum LS varðandi þessi tvö atriði fyrir yfirstandandi vertíð. Það kom því á óvart að í frumvarpsdrögunum séu þau talin meðal forsendna fyrir afnámi á áratuga löngu fyrirkomulagi veiðistýringar á grásleppu.

Á undanförnum árum hafa komið upp raddir meðal félagsmanna um breytingar, veiðunum verð stýrt með aflamarki. LS framkvæmdi skoðanakönnun þar sem spurt var:

- Hvort vilt þú frekar núverandi fyrirkomulag veiðistjórnunar eða úthlutun aflamarks á grundvelli aflahlutdeildar sem ákvarðast af veiðireynslu frá 2013-2018, þar sem miðað verður við þrjú aflamestu árin?

54,8% svarenda vildu halda áfram með núverandi veiðistjórnun, 45,2% vildu stjórnun með aflamarki.

Einstaka þættir frumvarpsdraga

1. Afnumið verður ákvæði í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands – L. nr. 79/1997 - um að takmarka grásleppuveiðar við þá báta sem rétt áttu til leyfis á grásleppuvertíðinni 1997, veiðarnar verða því ekki háðar útgáfu árlegu veiðileyfi:

   „Grásleppuveiðar skulu háðar sérstöku leyfi Fiskistofu og eiga þeir bátar einir kost á slíku leyfi sem rétt áttu til leyfis á grásleppuvertíðinni 1997 samkvæmt reglum þar um. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skipulag grásleppuveiða og veiðitíma samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði skip sem skráð eru á því svæði. Þá getur ráðherra sett reglur um heimildir til flutnings leyfa til grásleppuveiða milli báta.“

2. Ákvæði um réttaráhrif leyfissviptingar.

Ákvæði um grásleppuveiðar verða ekki lengur í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, heldur alfarið í lögum um stjórn fiskveiða, 116/2006.

3. Drögin gera ennfremur ráð fyrir breytingum á lögum um stjórn fiskveiða. Fellt verður brott eftirfarandi ákvæði:

   Bátum sem veiðileyfi hafa með krókaaflamarki er heimilt að stunda veiðar úr þeim tegundum sem þeir hafa krókaaflamark í og enn fremur tegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Ráðherra skal þó setja reglur um leyfðan meðafla. Krókaaflamark er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu- og handfæraveiðar. Þó er ráðherra heimilt að veita krókaaflamarksbátum leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, svo og til hrognkelsaveiða í net.

Til að bregðast við brottfalli þessa ákvæðis verður ráðherra gefin heimild til að setja nánari reglur við þætti sem ekki takmarkast eingöngu við krókaaflamarksbáta og heimild þeirra til að veiða hrognkelsi í net.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessara laga. Getur ráðherra meðal annars ákveðið svæðaskiptingu veiða úr einstaka nytjastofnum, stærðartakmarkanir skipa, gerð og stærð veiðarfæra, vitjun neta og veiðitímabil.

LS vekur athygli á að hér er á ferðinni tillaga að gríðarlegri breytingu á lögum um stjórn fiskveiða þar sem ekki er tekið fram að hún eigi eingöngu við grásleppuveiðar. LS leggur áherslu á að greininni verði breytt þannig að hún eigi eingöngu við veiðistjórnun grásleppuveiða og veiðar krókaaflamarksbáta með öðrum veiðarfærum en línu og handfærum. Í athugasemdum við greinina er leitt að þeim skilningi að nokkru leyti og ætti því ekki að vera ágreiningur um þá breytingu sem LS óskar hér eftir. Aftur á móti er bent á eftirfarandi í greinargerð sem styður hversu víðfeðm tillagan er:

Landssamband smábátaeigenda | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 552 7922 | ls@smabatar.is | smabatar.is

„Þá er rétt að nefna að ákvæðið einskorðast ekki við heimild ráðherra til að setja reglur um grásleppuveiðar heldur tekur ákvæðið til allra veiða sem stjórnað er á grundvelli laga um stjórn fiskveiða.“

4. „Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

   Setja skal aflahlutdeild í grásleppu. Aflahlutdeild einstakra skipa skal ákveðin á grundvelli veiðireynslu sem fengin hefur verið á leyfi sem skráð er á skipinu og miðað skal við þrjú bestu veiðitímabil frá og með árinu 2013 til og með ársins 2018. Þau skip ein koma til greina til að fá úthlutaðri aflahlutdeild sem voru með rétt til að fá leyfi til grásleppuveiða, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fyrir gildistöku laganna.“

Einstaka athugasemdir við efnisatriði frumvarpsdraga

Ákveði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að leggja fyrir Alþingi frumvarp sem byggt verður á frumvarpsdrögum sem hér eru til umfjöllunar leggur LS áherslu á eftirfarandi þætti sem skoða þarf og fá svör við áður en að framlagningu kemur. Nokkrir þeirra eiga það sameiginlegt að vera taldir til ókosta við núverandi veiðistýringu og þar með forsendur þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpsdrögunum:

A. „Helstu ókostir voru taldir að veiðistjórnunin er talin ómarkviss með tilliti til heildarafla“.

   Vegna þessarar fullyrðingar óskar LS eftir að ráðuneytið leiti til Hafrannsóknastofnunar um hvort hún telji, ráðgjöf sem felur í sér að leyfilegur heildarafli verði meðaltal ráðgjafar síðastliðinna 3 ára og nota niðurstöðu úr vorralli til aukningar eða frádráttar á meðaltali fyrir næstu vertíð, fullnægja skilyrðum vísindalegrar ráðgjafar. Með því móti væri hægt að gefa fyrr út leyfilegan heildarafla og útreikningur um fjölda daga lægi fyrr fyrir, hvort sem stjórnað er með dagatakmörkunum eða aflamarki.

B. „Aðilar eru bundnir ákveðnum samfelldum dögum sem þýðir að þegar leyfi er virkjað byrja dagar að telja hvernig sem veðurlag verður.“ „Þá er ekkert tillit er tekið til bilana, veikinda eða annarra ófyrirséðra tafa.“


   Undanfarin ár hefur LS óskað eftir að heimilt yrði að gera hlé á veiðum án þess að dagar teldu. Því hefur hingað til verið hafnað.

C. „Einnig ber að geta þess að á undanförnum sjö árum, utan eins, hafa veiðar í grásleppu ekki náð ráðgjöf, sem er ekki ásættanleg niðurstaða.“

   LS mótmælir því að telja þetta til ókosta. Sjálfbærni stofna felst ekki síst í að umgangast þá að varfærni. Vakin er athygli á sl. 8 vertíðum 2011-2018 var leyfilegur heildarafli Hafrannsóknastofnunar 40,1 þúsund tonn. Afli úr sjó var hins vegar 39,8 þúsund tonn. Staðreynd sem talar sýnu máli um nákvæma stjórnun m.t.t. ráðgjafar innan við eitt prósent frá leyfilegum heildarafla.

   Myndin sýnir ráðgjöf Hafró TAC og afla CATCH.

Landssamband smábátaeigenda | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 552 7922 | ls@smabatar.is | smabatar.is



M.a. vegna þess sem fram kemur í stafliðum A, B og C mótmælir LS harðlega eftirfarandi fullyrðingu:

„Þegar kostir og gallar núverandi veiðistjórnunar eru metnir er ljóst að með því að breyta stjórnun grásleppuveiða má ná fram markvissari og hagkvæmari veiðistjórnun."

D. „Reynslan hefur sýnt að aflahlutdeildakerfi með framseljanlegum aflaheimildum leiðir til hagkvæmari veiða fyrir útgerðir."

LS minnir á markmið laga um stjórn fiskveiða m.t.t. þess hvort ráðuneytið hafi lagt mat á hvort fyrirhuguð breyting leiði til meiri nálgunar að eftirfarandi:

„Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

E. „Útgerðir munu hafa meiri sveigjanleika í grásleppuútgerð og ákvörðun um það hvenær þeir fara á sjó og dagafjölda á sjó verður í þeirra höndum. Hægt verður að draga upp net vegna brælu eða meðafla og kostnaður við tæknilegt eftirlit mun minnka og mögulegt að auka í staðinn eftirlit með meðafla."

LS ítrekar áðurframkomið að öllum þessum þáttum er hægt að ná í þeirri veiðistýringu sem nú er.

F. „Með lögum nr. 145/2018, um veiðigjald voru tegundir sem ekki er stjórnað með aflamarki undanskildar veiðigjöldum."
Breyting á veiðistýringu er óþörf til að heimilt verði að innheimta veiðigjald á grásleppuafla. Í því skyni skal bent á ákvæði um makríl í 3. gr. laga um veiðigjald nr. 145/2018.

G. „benti Hafrannsóknastofnun á að engin fiskifræðileg rök væru fyrir því að viðhalda svæðaskiptingu í grásleppuveiðum enda hafi skip ekki mikið verið að flytja sig milli svæða. Þó benti stofnunin á að æskilegt væri að ráðherra yrði heimilt að grípa til ráðstafana ef aðstæður kalla á aukna stýringu. Því er lagt til í 4. gr. frumvarpsins að almenna reglugerðarheimildin í 16. gr. laganna verði ítarlegri og mæli fyrir um að ráðherra sé heimilt að setja reglur varðandi svæðaskiptingu, stærðartakmarkanir skipa, veiðitímabil, gerð og stærð veiðarfæra, og vitjun neta."

Landssamband smábátaeigenda | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 552 7922 | ls@smabatar.is | smabatar.is

LS ítrekar mikilvægi svæðaskiptingar og telur nauðsynlegt að ákvæði þess eðlis verði sett í lög. Vakin er athygli á eftirfarandi athugasemd Þorsteins Sigurðssonar sviðsstjóra fh. Hafrannsóknastofnunar, rannsókna- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna Hafró í Samráðsgátt við greinargerð starfshópsins.

„Stofnunin bendir á að ef ákveðið verði að breyta stjórn veiðanna yfir í aflamarkskerfi þá gæti verið þörf á að hafa ákveðna svæðaskiptingu og stjórn á því hversu mikið yrði veitt innan hvers svæðis. Ástæða þess er að möguleiki gæti annars skapast á ofveiði ákveðinna svæða. Telur stofnunin að ef ákveðið verði að breyta stjórn veiðanna þurfi því að fara vandlega yfir mögulega svæðaskiptingu sem og hlutfallslega skiptingu aflaheimilda innan þeirra svæða."

H. „Í frumvarpinu er lagt til að sett verði bráðabirgðaákvæði sem mælir fyrir um aðra aðferð við mat á veiðireynslu og úthlutun aflahlutdeildar í grásleppu. Í ákvæðinu er lagt til að veiðireynsla verði metin út frá þremur bestu veiðitímabilum í sex ár, frá og með árinu 2013 til og með ársins 2018."

„Þá er lagt til að aflahlutdeild skuli úthlutað á grundvelli veiðireynslu leyfisins sem skráð er á skipið en ekki á grundvelli veiðireynslu skips eins og venja er til og mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr. laganna."

Kvótasetning grásleppu er vandmeðfarin og flókin ef gæta á jafnræðis. Því er mikilvægt að gæta mikillar varúðar við framkvæmd og lagasetningu þar um. Hingað til hefur kvótasetning stuðlað að sameiningu útgerða og fækkun aðila sem stunda veiðarnar. Samþjöppun mun verða á þá leið að þeir sem hafa aðgang að fjármagni munu kaupa upp veiðirétt hinna. Þannig mun kvótasetning fækka útgerðaraðilum og bátum sem stunda veiðarnar.

LS vekur athygli á eftirtöldu sem vert er að hafa í huga við úthlutun:

I. Taka þarf ákvörðun um aðferð til útreiknings á aflahlutdeild
   a. Samanlagður afli þriggja bestu ára
   b. Hlutdeild hvers árs hjá hverjum og einum og meðaltal þriggja bestu

Taflan sýnir fjölda báta, heildarafla, veiðidaga, meðaltalsafla á hvern bát, afla pr. dag, afla aflahæsta bátsins og hlutdeild hans í heildarafla hverju sinni.

				meðaltal			hlutdeild efsta
	leyfi	afli	dagar	pr. bát	pr. dag	aflahæstur	
2013	286 bátar	4.542 tonn	32	15,9 tonn/bát	142 tonn	48,8 tonn	1,07%
2014	225 bátar	4.004 tonn	32	17,8 tonn/bát	125 tonn	56,0 tonn	1,40%
2015	323 bátar	6.253 tonn	32	19,4 tonn/bát	195 tonn	62,2 tonn	0,99%
2016	245 bátar	5.413 tonn	32	22,1 tonn/bát	169 tonn	68,4 tonn	1,26%
2017	250 bátar	4.542 tonn	46	18,2 tonn/bát	99 tonn	50,1 tonn	1,10%
2018	222 bátar	4.487 tonn	44	20,2 tonn/bát	102 tonn	62,9 tonn	1,40%

II. Á árinu 2017 var dögum fjölgað eftir að vertíð lauk hjá á sjötta tug báta. Rétt er að þessir bátar njóti uppreiknings á afla miðað við fullt úthald.

III. Að fyrir liggi lögfræðiálit um að heimilt sé að svipta aðila sem litla eða enga aflareynslu hafa sl. 6 ár, veiðirétti sem grásleppuleyfi veitir þeim í dag, þar gæti verið að ræða um á annað hundrað bátar.

Landssamband smábátaeigenda | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 552 7922 | ls@smabatar.is | smabatar.is

IV. Óheimilt verði að flytja aflahlutdeild á báta sem eru mældir 15 brúttótonn og stærri.

V. Veiðskylda – vegna sérstöðu grásleppuveiða er ekki hægt að fallast á veiðiskyldu sambærilegri sem er í lögum um stjórn fiskveiða. Markaðir eru afar viðkvæmir og miklar sveiflur í veiðum þar sem veiðiskylda gæti skapa mikið ójafnvægi.

Virðingarfyllst



framkvæmdastjóri

Landssamband smábátaeigenda | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 552 7922 | ls@smabatar.is | smabatar.is